



## Spáum 5% verðbólgu í janúar

Hagstofan birtir janúarmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) föstudaginn 28. janúar. Hagfræðideild Landsbankans spáir 0,2% lækkun vísitölu milli mánaða. Gangi spáin eftir lækkar verðbólga úr 5,1% í 5%. Við spáum því að verðbólga án húsnæðis verði 3% í janúar.

Árstíðarbundnar janúarútsölur á annars vegar fötum og skóm og hins vegar húsgögnum og heimilisbúnaði munu samkvæmt spá okkar setja mesta mark sitt á verðlagsþróunina í janúar. Við spáum því að samanlögð áhrif þessara tveggja liða á verðlag verði 0,58% til lækkunar. Raftæki lækka jafnan einnig í janúar vegna útsala en áhrif þeirra á vísitöluna verða minni.

Janúar er árstíðarbundinn hækkunarmánuður ýmissa undirliða neysluverðsvísitölu og má þar t.d. nefna gjaldskrárhækkanir opinberra aðila. Þeir undirliðir vísitölu sem jafnan hækka eru áfengi og tóbak, aðrar vörur og þjónusta, hótél og veitingastaðir, menntun, matur og drykkur og að síðustu húsnæði án reiknaðrar húsaleigu, en inn í þann lið koma ýmsar gjaldskrárhækkanir opinberra aðila. Mestu áhrif til hækkunar verðlags munu væntanlega koma frá mat- og drykkjarvörum annars vegar og húsnæði án reiknaðrar húsaleigu hins vegar. Hækkunin á síðarnefnda liðnum kemur m.a. til af hækkun sorphirðugjalda Reykjavíkurborgar sem hækka um heil 17,5%.


Spá okkar til næstu þriggja mánaða er að VNV hækki um 0,7% í febrúar og hækki síðan um 0,3% í mars og apríl. Gangi spáin eftir mun verðbólgan verða 4,3% í apríl en verðbólga án húsnæðis 2,8%.

### Minni útsöluáhrif á föt og skó en í meðalári

Útsölur á fötum og skóm, sem eru í janúar og júlí ár hvert, hafa verið mjög óvenjulegar eftir að faraldurinn hófst. Þannig hefur verð í þessum mánuðum lækkað mun minna borið saman við tímabilið fyrir faraldur. Verðlækkunin í janúar í fyrra var 6,5% en hún hafði alltaf verið a.m.k. 10% sé t.d. litið aftur til ársins 2010. Ástæðan fyrir þessari þróun hefur verið að faraldurinn hefur takmarkað ferðalög Íslendinga til útlanda og þeir því keypt meira af fötum og skóm hér innanlands.

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	14.4%	0.90%	0.13%
Áfengi og tóbak	2.6%	1.54%	0.04%
Föt og skór	3.8%	-8.50%	-0.32%
Húsn. án reikn. húsaleigu	14.7%	1.08%	0.16%
Reiknuð húsaleiga	17.2%	0.43%	0.07%
Húsgögn og heimilisb.	6.5%	-4.00%	-0.26%
Heilsa	3.6%	-0.35%	-0.01%
Ferðir og flutningar (annað)	3.8%	-0.14%	-0.01%
Kaup ökutækja	5.3%	-0.72%	-0.04%
Bensín og díselolía	3.2%	-0.20%	-0.01%
Flugfargjöld til útlanda	1.5%	-1.29%	-0.02%
Póstur og sími	1.6%	0.20%	0.00%
Tómst. og menning	9.5%	-0.38%	-0.04%
Menntun	0.6%	0.67%	0.00%
Hótél og veitingast.	4.7%	0.35%	0.02%
Aðrar vörur og þjónusta	7.1%	1.00%	0.07%
Alls	100%		-0.20%

### Verðbólguþá með og án húsnæðis



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Við teljum að þessi áhrif séu enn til staðar en að þau séu minni en í fyrra. Við spáum að verð á fötum og skóm muni lækka um 8,5%.


### Lækkun verðtryggðra vaxta á húsnæðislánum mun draga aðeins úr verðbólgunni

Lægstu vextir á verðtryggðum húsnæðislánum lækkuðu að meðaltali úr 1,9% niður í 1,5% í desember samkvæmt gögnum Seðlabankans, eftir að hafa verið óbreyttir síðan í desember árið 2020. Óverðtryggðir breytilegir vextir hafa aftur á móti verið að þokast upp á við síðustu mánuði, í takt við hækkun stýrivaxta Seðlabankans. Hagstofan styðst við jafnvægismarkaðsvexti á verðtryggðum íbúðalánamarkaði við útreikninga á reiknaðri húsaleigu, þ.e. vaxtakostnaðinum við að búa í eigin húsnæði. Vaxtabreytingunum á húsnæðislánavöxtum er þó dreift yfir tíma við útreikning á vaxtaliðnum og mun áhrifa þessarar vaxtabreytingar í desember því gæta allt þetta ár, haldist vextir óbreyttir. Við spáum því að húsnæðisverð hækki um 0,7% í janúar og ef ekki hefði komið til þessarar lækkunar vaxta hefðum við spád því að reiknuð húsaleiga myndi hækka um 0,66%. Vegna vaxtabreytingarinnar spáum við að vaxtaliðurinn verði neikvæður um 0,27% í janúar og að reiknuð húsaleiga hækki einungis um 0,43%.

### Verðbólgan 5,1% í desember


VNV hækkaði um 0,45% milli mánaða í desember og mældist 5,1% verðbólga samanborið við 4,8% í nóvember. Við höfðum spád því að vísitalan myndi hækka um 0,3% og hækkaði verðlag því nokkuð meira en við spáðum. Spáskekkjan skýrist fyrst og fremst af tveimur liðum, annars vegar mat og drykk og hins vegar flugfargjöldum til útlanda. Matur og drykkur hækkaði um 0,75% en við höfðum gert ráð fyrir lítills háttar lækkun. Flugfargjöld hækkuðu um tæp 11% en við höfðum spád 2,2% hækkun. Spá okkar um reiknaða húsaleigu reyndist hærri en reynd varð á en verð á húsnæði hefur hækkað mun meira á þessu ári en við höfum spád. Desembertalan er vísbending um að nú kunnist loks að hægja á þeim miklu verðhækkunum sem verið hafa á húsnæðismarkaði frá mars á síðasta ári. Gangi það eftir mun það styðja við hjöðnun verðbólgunnar.

### Verðtryggðir vextir íbúðalána




Heimild: Seðlabanki Íslands

### Reiknuð húsaleiga og undirliðir



12 mánaða breyting.  
Heimild: Hagstofa Íslands

### Flugfargjöld til útlanda



Heimild: Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.